

Ed.

45. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 7, 14. júní 1929, um tannlækningar.

Flutningsm.: Jón Jónsson.

4. gr. laganna orðist svo:

Öllum öðrum en tannlæknum eða þeim, sem tannlækningaleyfi hafa, er óheimilt að setja gervitennur og tanngarða í menn. Þetta nær ekki til lækna, ef þeir sanna fyrir heilbrigðisstjórninni, að þeir hafi aflað sér nægilegrar þekkingar í þessari grein. Heimilt er og dómsmálaráðherra með samþykki landlæknis að veita mönnum, er lokið hafa tannsmiðanámi, leyfi til að setja gervitennur og tanngarða í menn í samráði við héraðslækni í þeim héruðum, sem eru tannlæknilaus.

Greinargerð.

Samhljóða frumvarp flutti ég á vetrarþinginu í fyrra, en þá dagaði það uppi. Nú hefi ég borið frv. undir landlækni, og hefir hann lýst yfir því, að hann féllist á, að það nái fram að ganga. Að öðru leyti vísast til greinargerðarinnar, er frv. fylgdi í fyrra. (Sjá Alþt. 1931, vetrarþing, þskj. 295).